



Hafnarfjörður

Reglur vegna úthlutunar styrkja úr kórsjóði Hafnarfjarðar

1. gr.

Menningar- og ferðamálanefnd Hafnarfjarðar auglýsir eftir umsóknum í kórsjóð Hafnarfjarðar. Umsóknir eru metnar eftir þörfum og fjárheimildum hverju sinni. Heimilt er að gera samninga eins til þriggja ára í senn, með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar bæjarins ár hvert.

2. gr.

Markmið kórsjóðs Hafnarfjarðar er að efla kórastarf í Hafnarfirði og styðja við þau menningarverðmæti, samfélagslegu áhrif, félagslega líðan og listsköpun sem reglubundnu kórastarfi fylgja.

Sjóðurinn leggur áherslu á að styrkja sjálfbært, fjölbreytt og öflugt kóralíf fyrir bæjarbúa á öllum aldri, í samræmi við menningarstefnu Hafnarfjarðar.

3. gr.

Sjóðurinn veitir **almennan rekstrar- og starfsemissstyrk** til kóra með fasta starfsemi í Hafnarfirði. Kórar sem sækja um styrk skulu:

- tengjast Hafnarfirði með fastri starfsemi
- vera með reglubundnar æfingar og virkt kórastarf
- hafa sannað gildi sitt í samfélaginu og menningarlífi bæjarins
- starfa í samræmi við markmið kórsjóðs Hafnarfjarðar

Ekki er veittur styrkur til ferðalaga né til náms eða endurmenntunar einstaklinga eða til einstaka viðburða.

4. gr.

Umsóknum skal skilað með rafrænum hætti í gegnum vef Hafnarfjarðarbæjar, www.hafnarfjordur.is.

Í umsókn skal m.a. koma fram:

- lýsing á kórnum og starfsemi hans
- markmið kórsins og hlutverk í menningarlífi Hafnarfjarðar
- fjöldi þátttakenda og markhópar starfseminnar
- reglubundin starfsemi, svo sem fjöldi æfinga, tónleikar og samfélagsþátttaka
- styrkuppghæð sem sótt er um
- rekstraryfirlit eða rekstraráætlun fyrir styrktímabilið
- upplýsingar um aðra fjármögnun eða tekjustofna

5. gr.

Menningar- og ferðamálanefnd metur umsóknir með hliðsjón af:

- starfsemi kórsins og samfellu í starfi
- listrænum og samfélagslegum gæðum kórastarfsins
- mikilvægi kórsins fyrir menningarlíf Hafnarfjarðar



Hafnarfjörður

- hvernig starfsemin nýtist bæjarbúum og eflir þátttöku í kórastarfi
- skipulagi, stjórnun og faglegum vinnubrögðum
- raunhæfni rekstrar og nýtingu styrksins
- samræmi við markmið kórsjóðs Hafnarfjarðar

Menningar- og ferðamálanefnd er heimilt, með samþykki bæjarráðs, að gera samninga til allt að þriggja ára við kóra sem hafa sannað gildi sitt í menningarlífi Hafnarfjarðar, með fyrirvara um árlega samþykkt fjárhagsáætlunar.

Tilkynna skal öllum umsækjendum skriflega um niðurstöðu nefndar.

6. gr.

Kórar sem hljóta styrk úr kórsjóði Hafnarfjarðar skuldbinda sig til að koma fram að lágmarki einu sinni á ári á viðburði á vegum Hafnarfjarðarbæjar eða í samstarfi við bæinn, í samráði við menningar- og ferðamálanefnd eða verkefnastjóra menningar- og ferðamála.

7. gr.

Styrkhöfum ber að geta stuðnings Hafnarfjarðarbæjar í kynningarefni sínu eftir því sem við á.

8. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar ákveður við gerð fjárhagsáætlunar árleg framlög til kórsjóðs Hafnarfjarðar.

9. gr.

Bærin áskilur sér rétt til að óska eftir upplýsingum um starfsemi kórsins og nýtingu styrksins á samningstímabilinu.

Nefndin áskilur sér jafnframt rétt til að rifta samningi eða krefjast endurgreiðslu styrks komi til forsendubrests eða ef starfsemi er ekki í samræmi við skilyrði sjóðsins.

Samþykkt í menningar- og ferðamálanefnd 11.2.2026